

Alþingi
Erindi nr. P 126/941
komudagur 18.1.2001



Det Islandske Advokatsamfund
The Icelandic Bar Association

Nefndasvið Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 18. janúar 2001.

Umsögn Laganeftdar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19, 12. febrúar 1940, þskj. 376 – 313. mál, 126. löggjafarþing 2000-2001.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs Allsherjarnefndar Alþingis, dags 12. desember sl., þar sem óskað er umsagnar félagsins um ofangreint frumvarp.

Laganeftnd Lögmannafélags Íslands hefur haft frumvarpið til skoðunar og fylgja hér athugasemdir nefndarinnar.

Með frumvarpinu er ráðgerð hækkun refsiramma sérstaklega hvað varðar ávana- og fíkniefnabrot, svo og fyrir peningþvætti í tengslum við slík brot.

Laganeftnd telur það einn af hornsteinum lagaframkvæmdar í réttarríki, að hún sé samræmd, þannig að ekki gæti misræmis milli tilvika, sem í eðli sínu eru eins eða verðskulda sambærilega meðferð. Á þetta ekki síst við um framkvæmd refsilaga. Þegar refsilög eru annars vegar, skiptir höfuðmáli að mörkuð sé heildarstefna um markmið refsilaga og refsinga og að þar gæti ekki tilviljanakenndra áherslna á einstaka brotaflokkar eftir tíðarandanum hverju sinni.

Dæmdar refsingar í ávana- og fíkniefnamálum hafa að sönnu þyngst á undanförunum árum. Enn er þó ekki svo komið að mati Laganeftndar, að farið sé að reyna efri mörk refsiramma 173. gr. a almennra hegningarlaga og alls ekki svo, að réttlæti að sá málaflokkur sé tekinn út sérstaklega og refsiramma þar hækkaður, í stað þess að ákvörðun um það bíði heildarendurskoðunar á refsirömmum einstakra brotaflokkar. Verði sú leið farin, sem lagt er til með frumvarpinu, er hætt við að misræmis fari að gæta milli refsinga milli einstakra brotaflokkar, sem allir kunna þó að hafa þörf fyrir endurskoðun.

Mjög er misjafnt, hvernig dómstólar nýta refsiramma einstakra hegningarlagaákvæða, allt frá því að hann sé að jafnaði nýttur til fulls yfir í að þeir haldi sig öllu jöfnu í neðri mörkum. Þrátt fyrir fyrrnefndu tilvikin, hefur löggjafinn þar ekki hafist handa við að hækka efri mörk refsiramma viðkomandi brotaflokkar. Sú dómaframkvæmd, sem vísað er til í athugasemdum með frumvarpinu, bendir ekki til þess, að mati nefndarinnar, að fyrir hendi sé knýjandi nauðsyn á hækkun refsiramma vegna ávana- og fíkniefnabrota. Með einni eða tveimur undantekningum hefur tildæmd refsing verið vel innan núgildandi refsiramma og enn er ekki sýnt að sá rammi hamli dómaframkvæmd. Telur nefndin rétt


að löggjafinn haldi enn um sinn að sér höndum, þar til einsýnt þyki að refsimat dómstóla sé þannig, að brostinn sé gildandi refsiramma. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga, að það er ekki sjálfgefið að þróun refsinga fyrir ávana- og fíkniefnabrot verði áfram sú, sem hún hefur verið undanfarin ár, enda hugsanlegt, að jafnvægi skapist milli refsiramma löggjafans og refsimats dómstóla, svo sem virðist gilda um sum þeirra brota, þar sem jafnan er dæmt í efri mörkum refsiramma og getið var um að framan. Rétt er að láta dómaframkvæmd leiða í ljós hver þróunin verður að þessu leyti.

Nefndin bendir á, að ekki virðist í þessum málaflokki hafa farið fram heildstæð athugun á fælingaráhrifum refsinga. Ekki er útilokað, að slík athugun leiddi í ljós, að aukinn fælingarmáttur refsinga fælist í lögfestingu refsilágmarks fremur en hækkun refsiramma, en sú leið hefur verið valin í Svíþjóð. Bent er á, að hækkun refsiramma bindur ekki dómstóla og ekki er sjálfgefið að af henni leiði herðing refsinga. Öðru gegnir hins vegar um lögleiðingu refsilágmarks, sé það vilji löggjafans að herða í raun refsingar í þessum brotaflokk.

Bent er á, að gildandi refsiramma er í samræmi við refsiramma annarra Norðurlanda að Noregi einum undanskildum.

Rétt er að benda á að einn nefndarmanna var ósammála umsögn meirihluta laganefndar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst
f. h. LMFÍ



Jakob R. Möller, hrl.
formaður laganefndar